

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt tóðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1981 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 30 nýir aurar fyrir hvert eintak.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. desember 1980.

Ingvar Gíslason.

Arni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971
um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.130% (0.13 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mestagjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði minnst 116.26 kr/m³ en mest 144.96 kr/m³.

Vörugeymslur minnst 81.98 kr/m³ en mest 155.14 kr/m³.

Aðrar byggingar minnst 103.08 kr/m³ en mest 155.14 kr/m³.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 79.44 á hvern rúmmeter vatns.

Lágmarks- og hámarksgjöld skv. 2. mgr. breytist árlega í hlutfalli við ákvörðun yfirfasteignamatsnefndar um framreikningsstuðla eftir tegundum eigna fyrir skráð matsverð fasteigna í Reykjavík.

Aukavatnsskattur, sbr. 3. mgr., breytist árlega eftir framreikningsstuðli, sem ákveðinn er af yfirfasteignamatsnefnd fyrir atvinnuhúsnæði.

Endurprentað blað.